

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/19

frá 9. september 2002

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir ljósaperur og breytingu á ákvörðun 1999/568/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 3310)

(2002/747/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannpröfunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk. Endurskoðuninni skal ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/568/EB frá 27. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir ljósaperur⁽²⁾, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum. Jafnframt skal breyta gildistíma þeirrar ákvörðunar og skilgreiningunni á vöruflokknum.5) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar, vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í fjögur ár.
- 6) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 1999/568/EB, séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengri en tólf mánuðir, til að fyrirtæki, sem hafa fengið eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar áður en þessari nýju ákvörðun verður beitt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær verði í samræmi við nýju viðmiðanirnar.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram en henni var komið á fót skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ljósapera fær því aðeins umhverfismerki Bandalagsins skv. reglugerð (EB) nr. 1980/2000 að hún falli undir vöruflokkinn „ljósaperur“, sem er skilgreindur í 2. gr., og uppfylli þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

1. Undir vöruflokkinn „ljósaperur“ falla:

„ljósaperur með einum sökkli“: allar ljósaperur til almennrar lýsingar sem hafa einn lássökkul, sökkul með skrúfgangi eða sökkul með pinnum; ljósaperurnar skal vera unnt að tengja við opinbert rafveitukerfi,

„ljósaperur með tveimur sökklum“: allar ljósaperur til almennrar lýsingar sem hafa sökkla á báðum endum. Hér er fyrst og fremst átt við langar flúrperur. Ljósaperurnar skal vera unnt að tengja við opinbert rafveitukerfi.

2. Eftirfarandi tegundir ljósgjafa eru ekki í vöruflokknum: sambyggðir flúrlampar með segulstraumfestu, ljóskastslampar, ljósabúnaður fyrir ljósmyndun og ljósalampar á sólbaðsstofum.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „008“ notað fyrir vöruflokkinn „ljósaperur“.

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 1999/568/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 242, 10.9.2002, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 13.

(¹) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

(²) Stjtíð. EB L 216, 14.8.1999, bls. 18.

Skilgreiningin á vöruflokknum og sértæku, vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn gilda til 31. ágúst 2003.“

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2005. Hafi endurskoðaðar viðmiðanir ekki verið samþykktar 31. ágúst 2005 gildir þessi ákvörðun til 31. ágúst 2006.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „ljósaperur“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. september 2002, mega nota merkið áfram til 31. ágúst 2003.

Heimilt er að veita framleiðendum, sem hafa sótt, fyrir 1. september 2002, um umhverfismerkið fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „ljósaperur“, merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 1999/568/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota merkið til 31. ágúst 2003.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. september 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI

Markmiðið með viðmiðunum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að stuðla að því:

- að dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfshættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun,
- að dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfshættu tengdri notkun auðlinda í framleiðslu og meðferð/förgun ljósapera með því að lengja meðalendingartíma þeirra,
- að dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfshættu tengdri kvikasilfursnotkun með því að minnka heildarlosun kvikasilfurs á endingartíma ljósaperu.

Viðmiðunum er einnig ætlað að stuðla að bestu starfsvenju (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda. Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að þær ljósaperur séu merktar sem eru framleiddar þannig að af hljótist lítil umhverfisáhrif.

Kröfur varðandi mat og sannprófun

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun. Prófun skal fara fram á rannsóknarstofum sem hafa hlotið faggingingu eða uppfylla almennu kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025 og eru færar um að annast viðkomandi prófanir.

Þegar þess er krafist að umsækjandi leggi yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur gögn fyrir þar til bæra stofnun er metur umsóknina til staðfestingar á því að varan uppfylli viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra, eftir því sem við á.

Þar til bæru stofnuninni, sem metur umsóknina, er heimilt að framkvæma óháðar sannprófanir. Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknunum og eftirlit með því, að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka ef viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (ath.: þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR

1. Orkunýtni, endingartími, ljósstremisheldni og kvikasilfursinnihald

Ljósaperur með einum sökkli skulu standast eftirtaldar kröfur:

	Ljósaperur með einum sökkli og innbyggðri straumfestu (sambyggð flúrpera)	Ljósaperur með einum sökkli án innbyggðrar straumfestu (pera með pinnasökkli)
Orkunýtni	A-flokkur	A- eða B-flokkur
Endingartími	yfir 10 000 klukkustundir	yfir 10 000 klukkustundir
Ljósstremisheldni	yfir 70% eftir 10 000 klukkustundir	yfir 80% eftir 9 000 klukkustundir
Meðalinnihald kvikasilfurs	að hámarki 4,0 mg	að hámarki 4,0 mg
Ljósaperur með tveimur sökklum skulu standast eftirtaldar kröfur:		
Orkunýtni	A-flokkur	A-flokkur
Endingartími	yfir 12 500 klukkustundir	yfir 20 000 klukkustundir
Ljósstremisheldni	yfir 90% eftir 12 500 klukkustundir	yfir 90% eftir 20 000 klukkustundir
Meðalinnihald kvikasilfurs	að hámarki 5,0 mg	að hámarki 8,0 mg

Aths.: Orkunýtni er eins og hún er skilgreind í IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (¹).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem fram kemur að orkunýtni, endingartími og ljósstreymisheldni ljósaperunnar hafi verið ákvörðuð með prófunaraðferðunum sem um getur í EN 50285. Í skýrslunni skal tilgreina orkunýtni, endingartíma og ljósstreymisheldni ljósaperunnar. Hafi viðeigandi prófun á endingartíma ekki verið lokið er endingartíminn, sem tiltekinn er á umbúðunum, tekinn gildur meðan beðið er niðurstaðna úr prófuninni. Niðurstöður prófunarinnar skal þó afhenda innan 12 mánaða frá því að sótt var um umhverfismerkið.

Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem fram kemur að kvikasilfursinnihaldið hafi verið mælt með prófunaraðferðinni sem lýst er hér á eftir. Í skýrslunni skal tilgreina meðalinnihald kvikasilfurs sem er reiknað út með því að efnagreina tíu ljósaperur og sleppa svo hæsta og lægsta gildinu áður en meðaltal hinna átta, er reiknað.

Eftirfarandi prófunaraðferð er notuð fyrir kvikasilfursinnihald. Byrjað er á því að aðskilja bogapípuna frá plastinu í kring og tilheyandi rafbúnaði. Síðan er skorið á tengipræðina sem næst glerinu. Bogapípan er sett í dragskáp og hlutuð niður. Hlutunum er komið fyrir í hæfilega stórra og rammgerðri plastflösku með skrúfuðum tappa og í hana er sett postulínskúla, sem er 1 þumlungur að þvermáli, ásamt 25 ml af mjög hreinni, óblandaðri saltpéturssýru (70%). Flöskunni er lokað og hún hrist í nokkrar mínútur til að bogapípan kvamist í fíngerðar agnir en tappinn er losaður annað veifið til að koma í veg fyrir að þrýstingur myndist. Innihald flöskunnar er látið hvarfast í 30 mínútur en á meðan er innihaldið hrist annað veifið. Innihald flöskunnar er síðan síað gegnum sýruþolin súpappír og því komið fyrir í 100 ml kvarðaðri mæliflösku. Kalúmdíkrómáti er síðan bætt við í flöskuna þannig að endanlegur styrkur króms verði 1 000 milljónarhlutar (ppm). Síðan er fyllt að kvarðamerkinu með hreinu vatni. Röð staðla er útbúið með mismunandi styrkleikum að 200 milljónarhlutum kvikasilfurs. Lausnirnar eru greindar með logafrumeindagleyfni (Flame Atomic Absorption) við bylgjulengdina 253,7 nm með bakgrunnsleiðréttingu. Unnt er að reikna út upprunalegt kvikasilfursinnihald ljósaperunnar út frá þeim niðurstöðum sem fást og rúmmáli lausnarinnar. Þar til bærri stofnun er heimilt að samþykkja breytingar á einstökum þáttum prófunaraðferðarinnar reynist þær nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum og skulu þær koma til framkvæmdar með samræmdum hætti.

2. Kveikt og slökkt

Fyrir sambyggðar flúrperur skulu loturnar þar sem kveikt og slökkt er til skiptis vera fleiri en 20 000.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem fram kemur að fjöldi lotna, þar sem kveikt er og slökkt til skiptis, fyrir sambyggða flúrperu var ákvarðaður með því að nota hraða prófunarlotu (kveikt í 0,5 mínútur, slökkt í 4,5 mínútur) og prófunaraðferðirnar fyrir endingartíma, sem um getur í EN 50285. Í skýrslunni skal koma fram hversu margar lotumar verða, þar sem kveikt er og slökkt til skiptis og 50% sambyggðra flúrpera, sem prófaðar voru, standast kröfurnar um endingartíma ljósaperu sem um getur í EN 50285.

3. Litendurgjafarstuðull

Litendurgjafarstuðull (Ra) ljósaperunnar á að vera yfir 80. *Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem fram kemur að litendurgjafarstuðull ljósaperunnar hafi verið ákvarðaður með prófunaraðferðunum sem um getur í CIE-staðli/útg. 29/2. Í skýrslunni skal litendurgjafarstuðull ljósaperunnar koma fram.

4. Logavarnarefni

a) Hlutar úr plasti, sem vega meira en 5 g, skulu ekki innihalda eftirfarandi logavarnarefni:

Heiti	CAS-númer
Dekabrómdífenýl	13654-09-6
Mónóbrómdífenýleter	101-55-3
Díbrómdífenýleter	2050-47-7
Tríbrómdífenýleter	49690-94-0
Tetrabrómdífenýleter	40088-47-9
Pentabrómdífenýleter	32534-81-9

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1.

Heiti	CAS-númer
Hexabrómdífenýleter	36483-60-0
Heptabrómdífenýleter	68928-80-3
Oktabrómdífenýleter	32536-52-0
Nónabrómdífenýleter	63936-56-1
Dekabrómdífenýleter	1163-19-5
Klórparaffín með 10–13 C-frumeinda keðjulengd, klórinnihald > 50% miðað við þyngd	85535-84-8

- b) Hlutar úr plasti, sem vega meira en 5 g, skulu ekki innihalda logavarnarefni eða efnablöndur sem innihalda efni sem hafa fengið, þegar umsóknin er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

- H45 (getur valdið krabbameini)
- H46 (getur valdið arfgengum skaða)
- H50 (mjög eitrað vatnalífverum)
- H51 (eitrad vatnalífverum)
- H52 (skaðlegt vatnalífverum)
- H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)
- H60 (getur dregið úr frjósemi)
- H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽¹⁾ og síðari breytingum hennar.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

5. Umbúðir

Hvorki má nota samlímt né samsett plast.

Ljósaperur með einum sökkli: allar pappaubúðir skulu innihalda minnst 65% af endurunni efni (miðað við þyngd).

Ljósaperur með tveimur sökkjum: allar pappaubúðir skulu innihalda minnst 80% af endurunni efni (miðað við þyngd).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

6. Notendaleiðbeiningar

Vörunni skulu fylgja viðeigandi upplýsingar fyrir notendur þar sem gefnar eru leiðbeiningar um rétta og vistvæna notkun hennar. Eftirfarandi er einkum mikilvægt:

- a) Með upplýsingum (í formi skýringarmyndar eða með öðrum hætti) á umbúðunum skal vakin athygli á viðeigandi skilyrðum sem gilda um förgun, m.a. kröfum laga og reglna.
- b) Með ljósaperum með einum sökkli: Ljósaperur sem ekki er hægt að nota með ljósdeyfirofa skulu merktar og hlutfallsleg stærð og lögun ljósaperunnar miðað við venjulega glóðarperu skal sýnd á umbúðunum.
- c) Með ljósaperum með tveimur sökkjum: Á umbúðunum skal tilgreina að vistvænleiki ljósaperunnar aukist þegar hún er notuð með hátíðnirafeindastýribúnaði.
- d) Á umbúðunum skal koma fram að frekari upplýsingar um umhverfismerkið fáiast á veffanginu:

<http://europa.eu.int/ecolabel>.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessi skilyrði og leggja fram eintak af umbúðunum til þar til bærrar stofnunar sem metur umsóknina.

7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

„Góð orkunýtni,

Langur endingartími“

⁽¹⁾ Stjótd. EB 196 frá 16.8.1967, bls. 1.

Innihaldi ljósaperan ekki kvikasilfur má láta það koma fram í reit 2 á umhverfismerkinu að ljósaperan innihaldi ekki kvikasilfur.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa yfir því að varan uppfylli þessa kröfu og leggja fram afrit af umhverfismerkinu eins og það birtist á umbúðunum og/eða vörunni til þar til bærrar stofnunar sem metur umsóknina.
